

Fundur trúnaðarmanna hjá ríki og sjálfseignarstofnunum

Miðvikudaginn 13.11 kl. 13.15

Dagskrá:

- Setning fundar Ingibjörg Sif Sigríðardóttir formaður
- Réttur til launa í veikindum - Jenný Þórunn Stefánsdóttir
Kjaramál og starfsumhverfi hjá ríki og sjálfseignarstofnunum Ingólfur Björgvin Jónsson
- Kaffihlé
- Umræðuhópar – Hvaða áskoranir eru á ykkar vinnustað? umsjón Jakobína
- Skila niðurstöðum frá hópum
- Önnur mál

-
1. Setning fundar Ingibjörg Sif Sigríðardóttir formaður setti fundinn í upphafi fundar bauð hún trúnaðarmenn velkomna og lýsti ánægju sinni með nýtt fyrirkomulag fundanna; að skipta þeim upp eftir hópum eftir því hvar félagsfólks starfar í almannajónustunni. Hún sagði frá því hvernig henni hefur gengið að koma sér inn í nýtt hlutverk sitt og þann góða stuðning sem hún hefur fengið frá starfsfólki Sameykis.
 2. Réttur til launa í veikindum - Jenný Þórunn Stefánsdóttir fór ítarlega yfir alla þætti veikindaréttar í kjarasamningum og einnig fór hún aðeins yfir dóma sem hafa fallið í ákveðnum þáttum sem varða veikindarétt. Það voru fjölmargar spurninga frá trúnaðarmönnum eftir erindið og góðar umræður. Kynningin var send í glæruformi til þeirra sem voru skráðir á fundinn og
 3. Kjaramál og starfsumhverfi hjá ríki og sjálfseignarstofnunum Ingólfur Björgvin Jónsson talaði um hver staðan væri með stofnanasamninga hjá ríkisstofnunum en byrjað er að vinna að samningum við Sjúkratryggingar, Mast, Fangelsismálastofnun
Fleiri hafa óskað eftir endurnýjun stofnanasamninga en þau þurfa að forgangsraða verkefnum flestir samningarnir hafa ekki verið endurnýjaðir frá árinu 2017. Sameyki gerir um 160 stofnanasamninga.

Ingólfur talaði um sameiningu á stofnunum og það mætti eiga von á því að eftir kosningar dragi ekki úr sameiningum og með því skapist þörf á samræmingu og þörf á því að stofnanasamningar verði teknir upp.

Kaffihlé

4. Umræðuhópar – Hvaða áskoranir eru á ykkar vinnustað? umsjón Jakobína
Að loknum erindum þeirra var skipað í 3 umræðuhópa, og að þeim loknum voru
5. kynntar niðurstöður úr hópvinnunni.

Áskoranir sem blasa við trúnaðarmönnum á vinnustöðunum

Fram kom að hjá stofnunum ríkisins: Hugverkastofunni, Fangelsismálastofnun, Skattinum, Landsspítalanum, Menntastofnun námsmanna og Matvælastofnun, að helstu áskoranirnar væru m.a. fjársvelti, langtímaveikindi, mannekla, mikið vinnuálag, skipulags- og tæknibreytingar sem valda álagi og veikindi vegna álags í starfi sem aftur veldur auknu álagi á annað starfsfólk. Þá hafa trúnaðarmenn áhyggjur af því að gervigreind muni fækka starfsfólki og því muni fylgja aukið starfsálag - ekki síst hjá tæknifólki.

Einnig kom fram í hópvinnunni að kröfur samfélagsins til almannapjónustunnar hafa aukist, sem kallar á meira vinnuáfl til að geta veitt þjónustuna með skilvirkum og góðum hætti hjá stofnunum. Trúnaðarmenn greindu frá því að vinnustaðir stofnana ríkisins væru undirmannaðir. Sérstaklega væri undirmönnum og álag slæmt hjá Landsspítalanum og þar væri undirmannað á öllum deildum spítalans.

Miklar breytingar eiga oft á tíðum sér stað þegar stofnanir eru sameinaðar sem veldur t.d. félagslegum erfiðleikum eins og skort á samheldni þegar þær eru miklar eða örar. Allt áskoranir sem geta valdið erfiðleikum í þjónustunni sem þær veita.

Að lokum ræddu trúnaðarmenn um að stjórnendur og yfirmenn á vinnustöðunum geta verið mikil áskorun fyrir starfsfólk þegar kemur að skipulagi og samskiptum. Þess vegna skiptir miklu máli að viðhorf yfirmanna til þessa mannlega þáttar starfsfólks sem snýr að veikindum og álagi sé heilbrigt. Góðir yfirmenn sem sýna

starfsfólkinu nærgætni, alúð og skilning skiptir miklu máli, og slík framkoma, þar sem skilningur yfirmanna ríkir, getur skipt máli í bataferlinu.

Önnur mál

Spurt var út í könnun til félagsfólks og Jakobína fór yfir að að könnun stæði þangað til í byrjun desember. Búið væri að senda á flesta. Hvatt til þess að að benda fólki sem ekki hefur fengið könnun að leita í ruslpósti eða athuga ef það er með einkanetfang að athuga hvort það hafi farið þangað. Síðan verður vonandi í þessari viku hægt að setja tengil inn á mínar síður þar sem félagsfólk hefur aðgengi að því að svara könnuninni.

Ingbjörg Sif þakkaði fundarfólki fyrir fundinn og sleit honum.